



## Félag háskólakennara

### 1. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2022/2023 haldinn mánudaginn 27. maí 2022 í Bændahöllinni kl. 12

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarióh, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Davíðsdóttir, Guðmundur Ingi Guðmundsso, Ármann Höskuldsson og Jóna Margrét Ólafsdóttir. Berglind Eva Benediktsdóttir og Pontus Eik Gunnar Jarvstad boðuðu förföll. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 24.maí 2022.
2. Verkaskipting stjórnar
3. Einstaklingsmál.
4. Stundakennarar.

#### 1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 24. maí 2022

Fundargerðinni var frestað.

#### 2. Verkaskipting stjórnar skv. lögum

Ákveðið var að:

Jens Guðmundur Hjörleifsson, verði varaformaður,  
Íris Davíðsdóttir verði ritari,  
Guðmundur Ingi Guðmundsson verði gjaldkeri.

Ákvörðun um fulltrúa félagsins á háskólaþingi var frestað.

#### 3. Einstaklingsmál

Félaginu hafði borst erindi frá félagsmanni þar sem óskað var eftir fjárhagslegum stuðningi vegna lögfræðikostnaðar. Baldvin sagði frá málinu og aðdraganda þessa erindis. Málið rætt.

Erindinu var hafnað og framkvæmdastjóra falið að svara því skriflega. Félagsmenn hafa fullan aðgang að lögfræðiþjónustu hjá Bandalagi háskólamanna í gegnum félagið og því eru ekki fordæmi fyrir því að stjórn félagsins styði félagsmenn fjárhagslega vegna kostnaðar þeirra við lögfræðiaðstoð.

#### 4. Stundakennara

Baldvin sagði frá umræðum um stundakennara í samráðsnefnd um kjaramál. Málið rætt og ákveðið að fresta til frekari umræðu.

Almennar umræður um kjaramál og aðstæður akademískra starfsmanna.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk kl. 13:15

Næsti fundur óákveðinn, en verður í ágúst nk.